

HAFNARGERÐ Í SUNDAHÖFN - UMHVERFISMÁL

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 06154-001
VERKHLUTI: 4
HÖFUNDUR: Arnór Þórir Sigfússon
RÝNT AF: Þórhildi Guðmundsdóttur
DREIFING: Faxaflóahafnir

DAGS.: 2020-07-12
NR.:

Efni: Fuglalíf við landfyllingu við Klettagarða

1 Inngangur

Óskað var eftir því í tölvupósti frá Hildi Gunnlaugsdóttur skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna, dags. 9. október 2019, að Verkís gerði áætlun um vöktun fuglalífs á svæðinu við landfyllingu við Klettagarða á meðan framkvæmdir við gerð fyllingar stæðu yfir og eftir framkvæmdir. Tillögu var skilað inn 28. nóvember 2019 um að talið yrði á strandlengjunni við framkvæmdasvæðið mánaðarlega frá áramótum 2020 til júní sama ár. Einnig var lagt til að gerð yrði könnun á fuglavarpi í Laugarnesi og næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið. Að fengnum niðurstöðum úr þessum athugunum yrði svo lögð fram tillaga að frekari vöktun fugla á svæðinu.

Framkvæmdasvæðið sem um ræðir er við austurjaðar hverfisverndarsvæðis í Lauganesi og er framhald landfyllingar sem er austan við það. Fjaran sem fer undir landfyllingu er að mestu manngerð fyrir. Ekki er því um að ræða að varpbúsvæði fugla fari undir landfyllingu og rask af hennar völdum, heldur mun eitthvað af svæðum sem nýtt eru til fæðuöflunar fara undir fyllinguna. Truflun getur orðið á varpi fugla í næsta nágrenni á meðan á framkvæmdum stendur ef þær eru á varptíma. Það væri þá helst á varpi fugla á austurjaðri Lauganess og væri sú truflun tímabundin, á meðan framkvæmdir standa yfir. Gögn sem til eru um fugla á svæðinu eru helst úr vetrartalningum fuglaáhugamanna sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur haft umsjón með.¹ Talningar þessar hófust 1952 og hafa því staðið yfir í áratugi á mörgum svæðanna og m.a. á strandlengju Reykjavíkur. Framkvæmdasvæðið er á svæði 20, Grandi-Grafarvogur og er það því aðeins lítil hluti af talningasvæðinu. Á þeim tíma sem talningar hafa staðið yfir hafa orðið miklar breytingar á norðurströnd Reykjavíkur og hafa breytingar á fuglalífi endurspeglad það að einhverju leyti.

2 Talningar

2.1 Talning strandlengju

Talningar fugla á strandlengju fóru fram nær mánaðarlega frá því um áramót. Fyrsta talningin var hluti af vetrarfuglatalningu sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með. Framkvæmdasvæðið er hluti af talningasvæði sem talið hefur verið frá því upp úr miðri síðustu öld. Það svæði nær frá Grafarvogi út á Granda og hefur því ekki verið skipt niður þannig að ekki liggja fyrir sérstaklega talningar á framkvæmdasvæðinu. Sindri Skúlason hefur talið þetta svæði undanfarin ár og tók við því af Skúla Gunnarssyni föður sínum sem hafði talið þar í áratugi. Óskað var eftir því við Sindra að hann héldi talningum við framkvæmdasvæðið sér í vetrarfuglatalningunni 2019 sem fram fór 28. desember það ár og telst það fyrsta talningin í þessu verkefni. Ekki var talið í janúar þar sem skammt var liðið frá

¹ <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>



vetrarfuglatalningu og fyrsta talning Verkís var 25. febrúar. Síðan hefur verið talið mánaðarlega fram í lok apríl (sjá töflu 1). Síðasta talning á strandlengjunni var svo 13. júní, um leið og fuglalíf í Laugarnesi og nágrenni var athugað. Þessum talningum má skipta upp eftir árstíma, desember til mars er vetrarástand, apríl til byrjun maí er fartími og seinni hluti maí til júní er varptími. Niðurstöður talninga á strandlengjunni má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Niðurstöður talninga á strandlengjunni við Klettagarða og Laugarnes. Svæði vestan landfyllingar er VE og AU er landfylling að garði við Viðeyjarferju.

Tegund	Válisti ^{*2}	28.12.2019	25.2.2020		27.3.2020		28.4.2020		13.6.2020	
			AU	VE	AU	VE	AU	VE	AU	VE
Fýll	EN								3	6
Dílaskarfur	LC	127	9			1				
Toppskarfur	VU	7		1				1		
Ógreindir skarfar			273							
Grágæs	LC							2		
Margæs	LC							4		
Toppönd	LC	4	4	3	3	1				
Æðarfugl	VU	127	44	30	62	8	1	22	3	2
Hávella	NT	2		1						
Hrafn	VU		1		1			1		
Kría	VU								20	15
Silfurmafur	NT	16	2	2	3	1		3		4
Svartbakur	EN	6	3		2	1	2			
Sílamáfur	DD				1	2	2	4	6	5
Hvítmafur	EN	30	1		4	3				
Bjartmafur	LC	210			5					
Hettumáfur	LC				9	18		6		4
Rita	VU				3				8	1
Teista	EN		1	1			1	3		
Álka	NT		3							
Stelkur	NT						2			
Þúfuttlingur	LC									4
Stari	LC									7
Steindepill	LC						1	1		

* Fuglar á válista fá alþjóðleg tákni eftir stöðu þar sem EN táknar tegundir í hættu, NT í yfirvofandi hættu, VU tegundir í nokkurri hættu, LC ekki í hættu og DD gögn vantar.

Nokkra breytingu má sjá á fuglalífi við ströndina eftir talningadögum. Áberandi mikið er af skörfum í vetrarfuglatalningunni um áramótin og aftur í ferbúar. Erfitt er að greina skarfana til tegunda að vetri, og í febrúar var mikil hreyfing á þeim, þeir flugu og köfuðu þannig að flestir þeirra féllu í flokk ógreindra skarfa. Líklegt er þó að þeir hafi flestir verið dílaskarfar, líkt og í desember, en 9 af 10 greindum skörfum í febrúar voru dílaskarfar. Skörfunum hafði svo snarfækkað í mars og eftir það. Líklegt er að í desember til febrúar hafi verið nóg æti handa þeim þarna, einhver fiskigengd. Í febrúar voru þeir greinilega að eltast við æti og mikil hreyfing á þeim. Í mars hafa skarfarnir horfið og eru þá farnir að vitja varpstöðvanna um það leyti. Skarfarnir nýta sé skerin sem eru norður af landfyllingunni sem setstað, en þeir þurfa að koma á land til að þurrka haminn og standa þá með útbreidda vængina.

² <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>



Mikið var einnig af bjartmáfum í vetrarfuglatalningunni en lítið eftir það. Bjartmáfar eru vetrargestir hér og ræður fæðuframboð líklega mestu um dreifingu þeirra. Því er líklegt að í lok desember hafi verið nægt fæðuframboð sem svo hefur minnkað, en bjartmáfar éta helst smáfiska og dýr úr yfirborði sjávar.

Æðarfugl er algengur við ströndina um veturinn en þegar kemur að vori og svo um sumarið er minna af honum. Talsvert æðarvarp á í eyjunum norður af Reykjavík en þær eru Akurey, Engey, Viðey, Þerney og Lundey. Í lok apríl eru æðarfuglarnir væntanlega farnir að vitja varpstöðvanna. Lítið var af æðarfugli í júní og af fimm æðarkollum voru þrjár með unga og leituðu að æti fyrir þá við fjöruborðið í grjóthleðslunum og við fjöruna í Laugarnesi.

Slæðingur var af öðrum máfum en bjartmáfum, helst voru það hvítmáfur, silfur máfur og svartbakur í desember og svo koma hettumáfar og sílamáfar í mars til júní. Hvítmáfar verpa á Vestfjörðum, Breiðafirði og Snæfellsnesi og eru vetrargestir í Reykjavík og sjást ekki eftir mars. Sílamáfar eru farfuglar og verpa í eyjunum og sjást þeir fyrst í lok mars. Máfarnir líkt og skarfarnir nota skerin norður af landfyllingunni sem setstað. Krían er farfugl sem kemur seint til landsins og sáust þær ekki fyrr en í júní og þá á flugi og í ætisleit út af ströndinni. Þær hafa væntanlega komið á svæðið í maí.

Minna er af öðrum tegundahópum. Teista og álka eru einu svartfuglarnir sem sáust og aðeins nokkrir fuglar. Teistur hafa orpið í eyjunum en álkan er komin lengra að. Hávellur sáust í desember til febrúar en aldrei í miklum mæli og toppendur voru á svæðinu í desember til loka apríl. Hávellan verpir í hálendinu og er innfjarða að vetri en toppendur verpa í eyjunum. Hrafnar voru á sveimi en aldrei meira en einn í senn og steindeplar sáust í apríl. Margæsir sáust fljúga í gegnum svæðið í lok apríl svo og grágæsir. Grágæsir sáust einnig á beit í Lauganesinu í apríl.

Mjög lítið sást af vaðfuglum og kom það nokkuð á óvart. Sindri Skúlason minntist á að tjaldar sæjust oft í fjörunni við Lauganes í vetrarfuglatalningum en nú varð þeirra ekki vart. Aðeins sáust stelkar í fjörunni austan við landfyllinguna. Búast hefði mátt við vaðfuglum eins og tjaldi, sendlingi og tildru en ekki sást til þeirra í talningum.

2.2 Talning í Lauganesi

Talið var í Lauganesi í tveimur síðustu talningunum, í lok apríl þegar strandlengjan var talin og einnig 17. júní þegar varp var athugað. Genginn var hringur um nesið í apríl og fuglar skráðir en í júní var nesið gengið kerfisbundið á sniðum með um 100 metra millibili og fuglar sem sáust teiknaðir inn á loftmynd.

Í lok apríl sáust þrír hrossagaukar, ein heiðlóa, einn þúfutittlingur og fjórar grágæsir í móanum á nesinu og á bletti sem sleginn er. Einnig voru um 15 starar á sveimi um svæðið.

Í júní þegar talið var á ný sáust fimm tegundir í nesinu og þrjár þeirra taldar vera varpfuglar, um 4 pör hrossagauka og fimm þúfutittlingspör (sex fuglar), sjá töflu 2. Stararnir voru fjölskyldur sem líklega hafa komið úr húsum á svæðinu eða næsta nágrenni. Ekki var unnt að áætla fjölda para af störum. Grágæsir sem sáust voru allar fullorðnar og því taldar vera geldfuglar. Þeim hópi tilheyrir eins til þriggja ára gæsir sem ekki eru enn farnar að verpa svo og gæsir sem hafa orpið en varp misfarist hjá. Ekki er ólíklegt að einhverjar gæsanna hafi orpið í nesinu en varp misfarist. Tjaldurinn sem sást flaug úr fjörunni og yfir svæðið til suðurs og var því líklega ekki varpfugl.

Tafla 2. Talning varpfugla í Lauganesi 17. júní 2020.

Tegund	Válisti ¹	Fjöldi	Athugasemdir
Grágæs	LC	19	Geldfuglar
Hrossagaukur	LC	4	Líkleg pör
Tjaldur	VU	1	Flaug í gegn
Þúfutittlingur	LC	5	Líkleg pör
Stari	LC	26	Fullorðnir og ungar



3 Umræða

Niðurstöður talninga við strandlengjuna voru í samræmi við það sem búast mátti við með því að skoða vetrarfuglatalningar á svæðinu Grafarvogur-Grandi. Það sem kom helst á óvart var að ekki væru vaðfuglar í fjörunni á Laugarnesi fyrr en í lok apríl. Mikið var af skörfum í fyrstu tveim talningunum og fækkaði þeim svo mikið í mars. Þá sást reyndar til skarfa í Engey sem er utan talningasvæðisins. Fjöldi skarfa fer líklega mikið eftir framboði á æti á hverjum tíma og taldi Sindri Skúlason að frekar mikið hefði verið af þeim nú og taldi það líklegt vegna einhverrar fiskigöngu. Breytingar verða svo á fjölda fugla og tegundasamsetningu þeirra eftir því sem líður á fartíma í apríl og svo varptíma í júní.

Meðan talningar fóru fram var verið að vinna við landfyllinguna og komu vörubílar með grjót og efni sem þeir sturtuðu og vinnuvélar ýttu og færðu efnið til. Það var greinilegt að fuglarnir voru orðnir vanir framkvæmdunum því skarfar og máfar sem sátu í skerinu norður af landfyllingunni kipptu sér ekkert upp við það þó vörubíll sturtaði grjóti skammt frá með tilheyrandi látum.

Í varpathugunum sáust aðeins þrjár tegundir fugla á nesinu sem voru líklegir varpfuglar þar. Annarsvegar voru það hrossagaukur og þúfuttlingur sem voru líklegir varpfuglar í móanum og svo stari sem verpir líklega í húsum og listaverkum í nesinu en líklega einnig í iðnaðarhverfinu austan við Laugarnes. Ekki er ósennilegt að grágæsir verpi í nesinu þó þess hafi ekki orðið vart nú. Svæðið sem skoðað var afmarkast af Sæbraut og Klettagörðum og að því þar sem hjólastígur og göngustígur fer næst fjörunni norðaustan við dælustöðina. Þetta svæði er um 9,4 ha að flatarmáli og samkvæmt því gæti þéttleiki varppara þúfuttlings og hrossagauks verið um 96 pör/km² sem er góður þéttleiki. Hafa verður í huga að sýnastærð er mjög lítil og því ekki um marktæka mælingu á þéttleika að ræða heldur ber að skoða sem vísbendingu. Tegundafjölbreytni var minni en höfundur átti von á og hefði mátt búast við að finna tjalda, stelka, heiðlóur eða sandlóur verpandi á svæðinu. Stór hluti Laugarnessins er þakinn þykku grasi og þýfi sem hentar þúfuttlingum og hrossagaukum vel en síður heiðlóum til dæmis. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands³ er þar aðallega graslendi með vistgerðum eins og snarrótavist, grasmóavist og grasengjavist. Þó er vottur af lyngmóavist og hraungambravist þar sem hefði mátt búast við tegundum eins og heiðlóu og jafnvel spóa.

Allar þær tegundir sem taldar eru verpa í nesinu fá válistaflokkunina LC sem þýðir ekki í hættu. Flestar tegundir sem sáust í talningum á strandlínunni tilheyra einnig þeim flokki. Þar er þó líka að finna tegundir sem eru taldar í hættu (EN), yfirvofandi hættu (NT) og nokkurri hættu (VU). Þetta eru sjófuglategundir eins og teista, svartbakur, hvítmáfur og fýll sem eru í hættu. Hávella, silfurháfur, álka og stelkur sem eru í yfirvofandi hættu og toppskarfur, æðarfugl, hrafn, kría og rita í nokkurri hættu. Sumar þessara tegunda verpa í nágrenninu s.s. æðarfugl, teista, svartbakur en nota svæðið í einhverju mæli til fæðuöflunar. Þar sem landfyllingin nú er hlutfallslega lítið svæði af norðurstrandlengju Reykjavíkur og á svæði þar sem fjaran var röskuð fyrir þá ættu áhrif á fuglalíf að vera óveruleg. Áhrif á fuglalíf í Laugarnesi verða minni ef eitthvað er og ekki miklar líkur á truflun þar frá framkvæmdum.

Landfyllingin fer nærri skerjum sem verða norður af henni og þar er setstaður skarfa og máfa. Ef vel er staðið að hleðslum þannig að fólk komist nærri skerjunum án mikillar truflunar gæti gefist þar gott tækifæri til skoða þessa fugla í meira návígi en víða.

Ein af þeim spurningum sem Faxaflóahafnir lögðu fyrir Verkís var hvort skipuleggja ætti vöktun á svæðinu, hvort það sé fýsilegt og ef það yrði gert þá hve lengi. Strandlengjan sem verður fyrir áhrifum nær yfir lítið svæði og það sama má segja um Laugarnesið einnig. Sýnastærð er því lítil og til að vöktun mæli breytingar yrðu þær að verða mjög miklar. Svæðið er hluti af vetrarfuglatalningum sem Náttúrufræðistofnun Íslands skipuleggur og verður vaktað sem slíkt á komandi árum. Hægt væri að semja við talningamanninn sem telur þar, Sindra Skúlason, um að halda svæðinu aðskildu við skráningar og fá þannig hugmyndir um breytileika fuglalífs á svæðinu og hugsanlegar breytingar. Æskilegt væri þá að telja annað sambærilegt svæði samhliða til að fá samanburð, til dæmis um 2 km strandlínu vestan við Laugarnesið, frá dælustöðinni. Ekki er fýsilegt að vakta varp í Laugarnesinu sökum þess hve lítið svæðið er og sýnastærð því of lítil til að geta mælt marktækar breytingar.

³ <https://vistgerdakort.ni.is/>